

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi orlofs- og frístundasvæðis Félags bókagerðamanna í Miðdal. Tvö ný orlofshús auk lagfæringa á lóðamörkum og byggingareitum.

Í breytingunni felst að bætt er við tveimur nýjum lóðum fyrir orlofshús/útleiguhús FBM, önnur er við A-götu og verður nr. 1 en hin er norðan við Torfu, við Litla-Stekk. Hámarksstærð nýrra orlofshúsa verður 90 m² í stað 80 m² áður að undanskilinni Torfunni 1 sem er 150 m² að stærð. Hámarksstærð frístundahúsa er óbreytt eða 60 m². Hús á lóð nr. 6 við A-götu breytist úr orlofshúsi í frístundahús og breytist nýtingarhlutfall þeirrar lóðar því í 60 m² til samræmis við önnur frístundahús. Nokkrir byggingareitir í Mið- og Neðrahverfi eru lagfærðir og aðlagðir núverandi aðstæðum. Lóðamörk hafa einnig verið leiðrétt frá gildandi skipulagi og eru samræmd gildandi lóðarleigusamningum og aðstæðum í landinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2013.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 22. apríl 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. apríl 2013